



Fundargerð

Föstudaginn 9. janúar 2009 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Björn Magnússon, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Rafn Sigurbjörnsson, Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson. Jökulrós Grímsdóttir mætti á fundinn undir 1. – 4. lið.

Formaður stjórnar, Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2009

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2009.

Tekjuáætlun vegna rekstrar er A hluta er 98.452 þús. en áætlaður rekstrarkostnaður er 100.828 þús. Áætlaðar tekjur vegna rekstrar B hluta (Sæborgar) er 44.750 þús. en kostnaður vegna rekstrar B-hluta er 56.302 þús. Áætluð framlög sveitarfélaganna er 32.853 þús. vegna félags- og skólaþjónustu og 8.500 þús vegna Sæborgar. Niðurstaða rekstrar án tillits til afskrifta og verðbóta er neikvæð um 19.173 þús. Veltufé frá rekstri er neikvætt um 8.303 þús. Fjárfestingar ársins eru áætlaðar 3.000 þús. og reiknað með að handbært fé frá rekstri lækki um rúmar 17 milljónir. Þar sem sjóðseign ársins 2008 virðist vera jákvæð um rúmlega 17 milljónir var samþykkt að afgreiða áætlunina með fyrrgreindum hætti.

2. Framkvæmdir við Hnitbjörg

Fyrir fundinum lá samantekt um verkstöðu og kostnað vegna endurnýjunar á gluggum og nýjum sólstofum í Hnitbjörgum. Áætlaður kostnaður vegna verkefna er 23.472.323 kr. en til viðbótar er áætluð verkefni sem nema um 1 milljón. Samkvæmt yfirliti hafa 21.372.609 kr verið greiddar vegna verkefnisins. Viðbótarverkefni sem nema 1.050 þús. samþykkt.

3. Félagsþjónusta:

a. Skýrsla um grunnþjónustu

Fyrir fundinum lá skýrsla um grunnþjónustu á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga sem er tekin saman af Önnu G. Björnsdóttur sviðsstjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Félagsmálastjóri kynnti skýrsluna og fór yfir stöðu grunnþjónustu á starfssvæði félagsþjónustunnar.

Talsverðar umræður urðu um skýrsluna og efni hennar.

b. Starfsmannahald

Félagsmálastjóri gerði grein fyrir að ekki hafi komið gildar umsóknir um starf ráðgjafa við leikfangasafn. Verkefni eru leyst tímabundið með aðkeypri vinnu sérfræðings. Einnig hafi verið auglýst starf forstöðumanns á sambýli og þar hafi nú verið ráðinn starfsmaður.



4. Málefni Sæborgar

a. Rekstrarforsendur

Jökulrós forstöðumaður Sæborgar gerði grein fyrir forsendum rekstrar og hvernig sé háttað skráningu vistmanna á heimilið og almennt um reksturinn. Fram kom að mikill breyting til hins betra hefur orðið á rekstrinum þar sem vistmönnum hefur fjölgað á árinu.

b. Minnisblað Júlíusar Rafnssonar og Gísla Páls Pálssonar.

Fyrir fundinum lá minnisblað sem þeir skrifuðu Júlíus og Gísli eftir heimsókn til Sæborgar 17. nóvember sl. Júlíus er framkvæmdastjóri dvalarheimilisins Grundar í Reykjavík og Gísli Páll er framkvæmdastjóri dvalheimilisins Áss í Hveragerði. Minnisblaðið var til kynningar.

5. Rekstur leiguíbúða

Fyrir fundinum lá samantekt um leigjendur og leiguverð bæði á Hnitbjörgum og íbúðum að Ægisgrund 2-8. Samþykkt að reikna hækkun leiguverðs miðað við neysluvísitölu og uppreikna á þriggja mánaða fresti hér eftir. Breytingin verði kynnt leigjendum með bréfi.

6. Tryggingar Félags- og skólaþjónustu

Farið var yfir þær tryggingar sem byggðasamlagið þarf að taka upp en voru áður hjá Héraðsnefnd A-Hún. Samþykkt að yfirfæra þær tryggingar sem varða rekstur félagsþjónustunnar en stefna að því að bjóða út heildstæðan tryggingapakka á árinu.

7. Samningar vegna þjónustu fræðsluskrifstofu.

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um þjónustu fræðsluskrifstofu við Húnaþing vestra. Samþykkt að fela Magnúsi að uppreikna einingaverð samnings og undirrita hann með þeirri breytingu.

8. Dagvist aldraðra (skv. bókun á fundi 1.10.2008)

Umfjöllun um dagskrárliðinn frestað þar sem framsögumaður málsins, Héðinn Sigurðsson kom ekki á fundinn.

9. Önnur mál

Rætt var um húsnæðismál félags- og skólaþjónustunnar en ekki gerðar ályktanir eða teknar ákvarðanir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.30

Björn Magnússon

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson

Rafn Sigurbjörnsson

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson